



43. Umdæmisþing Ísland - Færeyjar Hafnarfjörður 13. – 15. september 2013

Skýrsla formanns þingnefndar til Umdæmisstjórnarfundar 12. janúar 2012

Umdæmisstjóri, ágætu embættismenn.

Þingnefndin hóf störf fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári síðan, eða fljótlega eftir að Umdæmisstjóri fól undirritaðri að vera formaður.

Í nefndinni eru auk undirritaðrar, Árni Sigurðsson, Hraunborg, Dröfn Sveinsdóttir, Sólborg, Guðbjörg Pálsdóttir Sólborg, Hildur Valsdóttir Sólborg, Guðjón Guðnason Eldborg, Hrönn Einarsdóttir Sólborg og Bergþór Ingibergsson Eldborg. Þingnefndin hefur skipt með sér verkefnum eftir því sem þurft hefur.

Nefndin hefur ákveðið að þingsetning verði í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 13. september 2013 og móttaka verður í Turninum á eftir.

Þingið fer síðan fram í Kaplakrika laugardaginn 14. september 2013 og fer allt í sambandi við þingið þar fram svo og öll fræðsla.

Galaballið fer fram í Frímúrarahúsinu í Hafnarfirði og mun Jogvan og Friðik Ómar skemmta okkur ásamt góðri hljómsveit. Veislustjóri verður Sæmundur H. Sæmundsson

Við höfum nú þegar tekið frá 24 herbergi á Hótel Hafnarfjörður en boðið verður upp á fleiri gistinguöguleika og verða þeir kynntir innan tíðar.

Ég mun svo mjög fljótlega kalla nefndina saman og þá verður gengið frá öllum lausum endum þannig að þegar líður á febrúarmánuð á ekkert að vera eftir nema að senda út kjörbréfin og hefja svo störf af fullum krafti aftur í ágúst.

Með kiwaniskveðju

Pyrí Marta Baldursdóttir

formaður þingnefndar